



HÉRAÐSDÓMUR  
REYKJAVÍKUR

DÓMUR

23. september 2019

Mál nr. E-4572019:

Stefnandi: Reykjavík Letterpress ehf.

*(Jóna Margrét Harðardóttir lögmaður)*

Stefndi: Lögmenn við Arnarhól ehf.

*(Steinbergur Finnbogason lögmaður)*

Dómari: Kjartan Bjarni Björgvinsson héraðsdómari

## I. Dómkröfur

Mál þetta var þingfest 7. febrúar 2019 en tekið til dóms 12. september að lokinni aðalmeðferð. Stefnandi er Reykjavík Letterpress ehf., Fiskislóð 24 í Reykjavík, en stefndi Lögmenn við Arnarhól ehf., Borgartúni 24 í Reykjavík.

Stefnandi krefst þess að stefndi greiði honum 155.000 krónur, ásamt dráttarvöxtum, samkvæmt 1. mgr. 6. gr. laga nr. 38/2001 um vexti og verðtryggingu, frá 19. nóvember 2016, að frádreginni 100.000 króna innborgun 14. desember 2016. Þá er krafist málskostnaðar úr hendi stefnda.

Stefndi krefst aðallega sýknu af dómkröfum stefnanda en lækkunar á þeim til vara. Í báðum tilvikum er krafist málskostnaðar úr hendi stefnanda.

## II. Málsatvik

Aðilar málsins eru sammála um að upphaf þess megi rekja til þess að Gunnar Steinn Pálsson almannatengslaráðgjafi hafi leitað til stefnanda, ásamt samstarfskonu sinni, í upphafi sumars 2016 til að vinna að gerð kennimerkis fyrir Steinberg Finnbogason lögmann.

Á meðal gagna málsins eru tölvupóstsamskipti á milli framkvæmdastjóra stefnanda, Ólafar Birnu Garðarsdóttur, Gunnars Steins og fyrirsvarsmanns stefnda, Steinbergs Finnbogasonar, á tímabilinu 7. júlí 2016 til 18. nóvember 2016. Efni samskiptanna er tilgreint sem: „Merki fyrir Steinberg“.

Í skýrslu Gunnars Steins fyrir dómnum kom fram að hann hefði fengið Ólöfu til að skoða með sér ákveðnar leturgerðir og bar að sig ræki minni til þess að ákveðin grunnhugmynd hefði verið komin að verkinu. Gunnar Steinn kvað Ólöfu ekki hafa verið beðna um að hana merki en hann hefði beðið hana um að koma með hugmynd ef henni dytti eitthvað sniðugt í hug – þar sem hún hefði sérþekkingu á hæðarprentun og göldrum hennar. Gunnar sagði að ekki hefði verið kynnt tímagjald eða verkáætlun og fyrirsvarsaður stefnanda bar á sama veg í aðilaskýrslu sinni.

Í gögnum málsins kemur fram að Ólöf hafi sent tölvupóst til Gunnars Steins 7. júlí 2016 þar sem segir að hann fái frá henni tillögur „í næstu viku“. Gunnar svaraði því bréfi um hæl með skilaboðum um að gaman væri að „hefjast handa fljótlega“.

Þann 15. júlí 2016 sendi Ólöf aftur tölvupóst til Gunnars Steins þar sem fram kemur að hún hafi lagst í leturskoðun sem hún vildi bera undir hann og óskaði eftir að hann gerði tillögu að 2–3 leturtegundum sem hann teldi að gæti hæft stefnda. Eins gerði Ólöf tillögu að framsetningu kennimerkis stefnda.

Gunnar Steinn svaraði Ólöfu með tölvupósti 5. ágúst 2016 þar sem fram kom að hann teldi tvær leturgerðir henta betur en aðrar. Kvaðst hann og sammála henni um framsetningu kennimerkisins, auk þess sem hann tók fram eftirfarandi: „Ef grafikin kallar frekar á aðra lausnina en hina er ég samt ennþá sveigjanlegur.“ Fékk Steinbergur Finnbogason, fyrirsvarsmaður stefnda, afrit af þessum tölvupósti.

Ólöf svaraði Gunnari Steini 8. ágúst 2016 með þeim skilaboðum að henni litist einnig ljómandi vel á leturgerðirnar sem hann lagði til og að hún myndi vinna í tveimur mismunandi framsetningum á kennimerki stefnda. Tók hún þar jafnframt fram að hún ætti von á því að geta sent Gunnari Steini næstu tillögur „um miðja þessa viku“ og spurði hvort það hljómaði ekki vel. Gunnar Steinn svaraði þeim tölvupósti um hæl með skilaboðunum: „flott um eða upp úr miðri viku. Allt rólegt á þessum vígstöðvum.“ Steinbergur Finnbogason var hafður með í þessum tölvupóstsamskiptum.

Ólöf sendi Gunnari Steini tölvupóst 10. ágúst 2016 og fylgdi honum skjal með yfirskriftinni „SFL\_logo.pdf.“, en í tölvupóstinum er að finna athugasemdir Ólafar við útfærslu leturs og framsetningu kennimerkis stefnda. Viku síðar óskaði Ólöf eftir svörum frá Gunnari Steini sem svaraði um hæl og tilgreindi að hann yrði í sambandi við hana daginn eftir. Enn er Steinbergur Finnbogason inni í öllum umræddum samskiptum.

Í tölvupósti 13. september 2016 frá Ólöfu til Gunnars Steins, með afriti á Steinberg, segir: „Eigum við að taka næsta snúning á logoverkefnið?“ Gunnar Steinn svaraði samdægurs og tók fram að þeir Steinbergur væru „eiginlega að endurskoða nafnið“, þannig að „lógóið“ yrði sett í bið á meðan. Síðan sagði í tölvupóstinum:

„Ég bað reyndar Ýr Róbertsdóttur (tengdadóttir mín) um að skoða lógóið en hún vinnur greinilega á svipuðum hraða og við Steinbergur, þ.e.a.s. ég hef ekkert séð ennþá! Verð í bandi fljótlega.“

Ólöf Birna svaraði tölvupóstinum nokkrum mínútum síðar, með afriti á Steinberg, og spurði Gunnar Stein hvort hann væri að tala um að Ýr tæki boltann eða fengi tillögur frá þeim báðum. Gunnar Steinn svaraði í kjölfarið með afriti á Steinberg:

„Nei, alls ekki að Ýr taki boltann. Ég nefndi þetta við hana í barnaafmæli og bað hana að taka að sér max 2-3 klukkutíma í þetta. Svo lagði ég mikla áherslu á að hún gerði þetta bara þegar hún hefði ekkert betra að gera – og ég hef ekki heyrt í henni síðan! úr því sem komið er neglum við Steinbergur nafnið, vonandi í þessari viku eða næstu, og svo setjum við aftur í gang – væntanlega hönnunarvinnuna hjá þér en a.m.k. prentvélina!“

Ólöf svaraði Gunnari strax með svofelldum hætti: „Ekkert mál, vildi bara vera viss um hvert hlutverk mitt væri í þessu“.

Þann 29. október 2016 sendi Ólöf Gunnari Steini tölvupóst, með afriti á Steinberg, og tók þar fram að hún vildi gefa út reikning fyrir þeim 14,5 tímum sem hefðu farið í vinnu í málinu, óskaði hún einnig eftir upplýsingum um móttakanda reikningsins.

Daginn eftir svaraði Gunnar Steinn og kvað Steinberg myndu senda Ólöfu „kennitölu o.s.frv. eftir helgina“. Ólöf ítrekaði ósk sína um reikningsupplýsingar með tölvupósti til Steinbergs 2. nóvember 2016, og til Gunnars Steins og Steinbergs 8. nóvember 2016. Gunnar Steinn svaraði síðari tölvupósti Ólafar 8. nóvember 2016 þar sem hann afsakaði töfina og sagði að hann myndi ýta á Steinberg símleiðis og með tölvupóstinum, sem Steinbergur fékk samhliða afrit af.

Steinbergur svaraði síðan tölvupósti Ólafar með tölvupósti sem sendur var þann 8. nóvember 2018 á Sveinu Maríu Másdóttur, starfsmann stefnda, með orðunum: „Sveina ertu til í að græja þetta.“ Sveina sendi í kjölfarið tölvupóst til Ólafar, með afriti á Steinberg og Gunnar Stein, þar sem stefndi var tilgreindur sem móttakandi reiknings frá stefnanda.

Í tölvupósti Gunnars Steins til Ólafar 17. nóvember 2016, sem Steinbergi og Sveinu er sent afrit af, segir m.a:

„mér gengur illa að réttlæta það fyrir sjálfum mér – og hvað þá Steinbergi – að vinnan sem komin er í merkið hans sé jafn mikil og raun ber vitni miðað við hvað verkið er skammt á veg komið (sem auðvitað er okkur að kenna en ekki þér). Ég hef reyndar ekki séð reikninginn en ef hann er upp á 14,5 tíma vinnu verður auðvitað að viðurkennast að fontaleitin sem við töluðum um og þessar fyrstu pælingar verða einhvern veginn að enda í frekar snöggsöðnum endaspretti til þess að heildarkostnaður í hönnun verði ásættanlegur fyrir eins manns lögmannstofu.

Mér finnst ég bera ábyrgð á þessu þar sem ég gekk ekki frá einu sérstöku samkomulagi við þig fyrirfram. Mér finnst reyndar líka að þú hefðir mátt láta mig vita að þessi fyrsti áfangi myndi taka þig tæpa tvo vinnudaga með tilheyrandi kostnaði ef tímar eru innheimtir á fullu gjaldi. Við Steinbergur viljum hins vegar endilega ljúka verkinu í Letterpress og láta þennan „fyrsta skell“ ekki setja okkur of mikið út af laginu.“

Að endingu tók Gunnar Steinn fram: „Gætirðu fallist á að hluti af þessari upphæð, t.d. helmingurinn yrði greiddur sem innborgun inn á verkið sem við síðan ljúkum að minnsta kosti í prentvélinni ykkar og vonandi líka með endanlegri hönnun úr ykkar herbúðum?“

Ólöf svaraði þessu samdægurs á þann hátt að hún hefði ekki talið að það myndi koma á óvart hve mikil forvinna hefði farið í verkið. Eins tók Ólöf fram: „Mikið þætti mér vænt um ef við gætum sæst á að ég lækkaði reikninginn í 10 tíma og þá væri greitt fyrir þá vinnu sem þegar er unnin. Síðan tækjum við upp þráðinn þegar þið eruð tilbúnir og skilgreinum þá verkið nánar hvað varðar lokahönnun og prentun. Hvernig hljómar það?“

Gunnar Steinn svaraði samdægurs og kvaðst ætla að mæla með þeirri afgreiðslu málsins. Með tölvupósti daginn eftir, 18. nóvember 2016, sendi Ólöf reikninginn sem mál þetta varðar, ásamt skilaboðum um að eldri reikningur hefði verið felldur niður. Reikningurinn hljóðaði samanlagt upp 155.000 kr. fyrir 10 tíma vinnu í grafískri hönnun á merki fyrir Steinberg, þar sem hver klukkustund var seld á 12.500 kr. tímagjaldi, án virðisaukaskatts.

Viðtakendur reikningsins voru Gunnar sem og Steinbergur, fyrirsvarsaður stefnda, og Sveina, starfsmaður stefnda, sem hafði sent upplýsingar um greiðanda reikningsins 9. nóvember 2016.

Í tölvupósti Gunnars Steins til Ólafar 2. desember 2016, sem Steinbergur fékk afrit af, kemur fram að þeir tveir vilji gjarnan hitta hana og „ræða fjármál og framhaldið“, sbr. tölvupóst. Í tölvupósti Gunnars Steins 13. desember 2016 er ítrekað að þeir vilji hitta Ólöfu til að ræða bæði „lógóið og fjármálin“. Afráðið var að hittast á fundi á starfsstöð stefnanda 14. desember 2016.

Í tölvupósti Ólafar til Steinbergs, 14. desember 2016, með yfirskriftinni „Vegna innágreiðslu“ þakkaði hún fyrir fundinn fyrr um daginn og tilgreindi upplýsingar um reikning sem innágreiðslan mætti fara inn á. Tók hún svo fram: „Höldum svo áfram með þetta fina lógó og ég verð í bandi fljótlega á nýju ári.“ Ólöf sendi síðan næst tölvupóst til Steinbergs 28. desember 2016 með yfirskriftinni: „Vinna við merkið og framhaldið“. Í tölvupóstinum kemur fram að hún hyggist senda honum kostnaðaráætlun og sundurliðun um framhaldið á verkefninu.

Í tölvupósti 23. janúar 2017 frá Ólöfu, með yfirskriftinni: „Framhaldið“, kemur fram kostnaðaráætlun, annars vegar vegna hugmynda- og hönnunarvinnu við merki og

hins vegar vegna prentkostnaðar fyrir nafnspjöld, umslög og bréfsefni. Varðandi merkið sérstaklega segir:

„Þegar er komin vel á veg vinna við hugmynda- og hönnunarferli og áætlun vegna þess háttar vinnu er vanalega 20-25 tímar. Þegar er búið að semja um afslátt á innágreiðslureikningi (færður úr 14,5 tímum í 10 tíma) og greiða inná reikning 100.000 kr. Reikningur fyrir eftirstöðvum upp á 50.000 kr. er kominn fram yfir eindaga og það væri kjörið að klára þann hluta áður en við höldum áfram. Varðandi áframhaldið þá áætla ég vinnuna sem eftir er til að klára logoið 10-12 tíma.“

Samkvæmt tölvupóstinum var prentkostnaður áætlaður 389.948 kr., án virðisaukaskatts. Ólöf tók fram að hún hlakkaði til að heyra frá fyrirsvarsmanni stefnda og halda áfram þar sem frá var horfið.

Þann 7. mars 2017 sendi Ólöf í sama tölvupóstþræði ítrekun til Steinbergs um að hún vildi heyra í honum um framhaldið, auk þess sem hún ýtti á eftir greiðslu eftirstöðva reikningsins frá 19. nóvember 2016.

Á meðal gagna málsins er skjal með 15 mismunandi leturgerðum fyrir kennimerki stefnda, auk skjals með sjö mismunandi útfærslum af kennimerki fyrir stefnda, þar sýnd með þremur mismunandi leturgerðum. Yfirskrift beggja skjalanna er: „Hönnun á merki fyrir Steinberg Finnbogason lögmann“.

Þá liggja fyrir í gögnum málsins greiðslutilmæli og innheimtubréf til stefnda vegna reikningsins frá 19. nóvember 2016 og síðar eftirstöðva hans, sbr. tölvupósta stefnanda 23. janúar og 7. mars og 7. júní 2017, svo og innheimtubréf, 18. ágúst, 28. ágúst, 25. september og 26. október 2017.

### **III. Málsástæður aðila**

#### *Málsástæður stefnanda*

Stefnandi kveður skuldina til komna vegna kaupa stefnda á þjónustu stefnanda samkvæmt reikningi 19. nóvember 2016. Þjónustan hafi verið fólgin í hönnunarvinnu fyrir stefnda og beri reikningurinn það með sér.

Inn á skuldina hafi verið greidd innborgun 14. desember 2016, að fjárhæð 100.000 krónur, sem tekið sé tillit til í dómkröfu stefnanda. Eftirstöðvar skuldarinnar hafi ekki fengist greiddar þrátt fyrir innheimtutilraunir og hafi því verið nauðsynlegt að höfða mál til greiðslu þeirra.

Stefnandi byggir kröfur sínar á reglum samninga- og kröfuréttar um loforð og efnidir fjárskuldbindinga, sbr. einnig lög nr. 50/2000 um lausafjárkaup. Dráttarvaxtakrafa byggir á III. og V. kafla laga nr. 38/2001 um vexti og verðtryggingu. Málskostnaðarkrafa styðst við 7. og 12. gr. laga nr. 95/2008 og XXI. kafla laga nr. 91/1991 um meðferð einkamála. Um varnarþing er vísað til 33. gr. laga nr. 91/1991.

#### *Málsástæður stefnda*

Stefndi kveður Gunnar Stein Pálsson, sem sé og hafi verið í auglýsingagerð um árabíl, hafa leitað til stefnanda til þess að útfæra kennimerki á nafnspjöld og bréfsfni og prenta nafnspjöld fyrir rekstur stefnda. Þá hafi stefndi verið búinn að útfæra nafn og kennimerki að mestu fyrir rekstur sinn. Málsvörn stefnda byggir á því að ekki hafi verið óskað eftir þeirri þjónustu sem umþrættur reikningur taki til og því hafi honum verið mótmælt. Í því ljósi hafi verið samið um að hann yrði felldur niður og að önnur tilhögun yrði á viðskiptum aðila málsins, sem síðan hafi ekki gengið eftir.

Sýknukrafa stefnda er á því byggð að stefndi hafi greitt stefnanda umfram skyldu sína, auk þess sem verk hafi ekki verið unnið líkt og samið hafi verið um. Umþrættur reikningur sé tilhæfulaus, enda hafi stefnandi ekki verið fenginn til að hanna kennimerki fyrir stefnda. Stefnanda hafi verið það ljóst eftir fund á milli aðila og hafi samþykkt að fella niður umræddan reikning. Í raun sé stefnandi í skuld við stefnda þar sem ekkert verk hafi verið unnið þrátt fyrir innáborgun stefnda.

Eins hafi stefnandi sýnt af sér tómlæti. Meint vinna hafi verið unnin árið 2016, og eftir samskipti við innheimtuaðila fyrir alllögum tíma hafi stefndi talið ljóst að ekki yrði um frekari innheimtu að ræða, þegar stefna hafi svo komið fram meira en tveimur árum síðar.

Varakrafa stefnda um lækun er á því byggð að reikningur stefnanda sé allt of hár og ósanngjarn. Að auki hafi vinna stefnanda verið gölluð og ekki í samræmi við það sem hafi verið óskað eftir eða um samið. Tímaskráning stefnanda sé röng og tímagjald langt umfram það sem búast mætti við, en áskilið tímagjald hafi ekki verið kynnt stefnda fyrir fram. Ljóst sé að enginn árangur hafi orðið af meintri vinnu og þar með sé greiðsluskylda ekki fyrir hendi. Leiddi það af venju í viðskiptum að greitt væri fyrir vöru eða þjónustu þegar hún væri afhent. Engar aðrar reglur gildi um stefnanda sem prentsmiðju. Eins bendir stefndi á að enginn árangur hafi verið af vinnu stefnanda og engin vara orðið til. Þá beinir stefndi þeirri áskorun til stefnanda að upplýsa með

gögnum í hverju vinna hans átti að vera fólgin og leggja fram gögn eða annað sem unnið var.

Um lagarök vísar stefndi til ákvæða laga nr. 50/2000 um lausafjárkaup, samningalaga nr. 7/1936, laga nr. 42/2000 um þjónustukaup og laga nr. 48/2003 um neytendakaup. Einnig vísar stefndi til meginreglna kröfuréttar og samningaréttar. Um málskostnað er vísað til 130. gr. laga nr. 91/1991 og um virðisaukaskatt á málskostnað til laga nr. 50/1988 um virðisaukaskatt.

#### **IV. Niðurstaða**

Ágreiningur aðila snýst um rétt stefnanda til greiðslu eftirstöðva reiknings á hendur stefnda frá 19. nóvember 2016, en fjárhæðin nemur alls 55.000 krónum. Stefnandi byggir á því að stefndi hafi með bindandi hætti falið honum að hanna kennimerki hans.

Skilja verður málatilbúnað stefnda þannig að hann byggir aðalkröfu sína um sýknu öðru fremur á því að stefnanda hafi í reynd ekki verið falið neitt slíkt hlutverk, heldur einvörðungu það að setja upp og prenta kynningarefni. Þá hefur stefndi einnig vísað til tómlætissjónarmiða í þessu tilliti. Um lækkunarkröfu sína til vara vísar stefndi til sanngirnissjónarmiða, enda sé reikningur stefnanda of hár. Málatilbúnaður stefnanda byggist hins vegar á því að komist hafi á bindandi samningur um að starfsmaður hans sinnti hönnunarvinnu í þágu stefnda.

Þegar litið er til þeirra tölvupóstsamskipta sem liggja fyrir í málinu og rakin eru í kafla II hér að framan verður að telja ljóst að stefnandi var í góðri trú um að stefndi hefði falið henni það hlutverk að hanna kennimerki fyrir sig. Þrátt fyrir að stefndi hafi falið Gunnari Steini Pálssyni að hafa milligöngu um þessi samskipti þá kemur bersýnilega fram í þessum sömu gögnum að samskipti Gunnars Steins og fyrirvarsmanns stefnanda fóru fram með fullri vitund fyrirvarsmanns stefnda, Steinbergs Finnbogasonar, enda fékk hann afrit tölvupósta sem fyrir liggja í málinu um hönnun merkisins en efni þeirra er lýst í kafla II.

Þá verður jafnframt að leggja áherslu á það að þegar fyrirvarsmáður stefnanda spurðist sérstaklega fyrir um hvert hún ætti að senda reikning, þá svaraði fyrirvarsmáður stefnda þeim tölvupósti og bað starfsmann sinn um að sjá um málið. Starfsmaðurinn veitti stefnanda síðan reikningsupplýsingar og gerði fyrirvarsmáður

stefnda ekki athugasemdir við það. Auk þess greiddi stefndi inn á reikninginn sem stefnandi gaf út í kjölfar fundar aðila 14. desember 2016.

Samkvæmt öllu framangreindu verður að telja að það liggi nægilega ljóst fyrir að stefndi var í reynd viðsemjandi stefnanda um kaup á þeirri þjónustu sem ágreiningur málsins lýtur að og því ábyrgur fyrir því að efna samninginn. Verður því að hafna öllum vörnum stefnda um að hann hafi ekki óskað eftir þeirri þjónustu sem málið varðar. Með vísan til þessarar niðurstöðu er jafnframt hafnað málsástæðu stefnda um að hann hafi greitt umfram skyldu. Þá telur dómurinn einsýnt að kaup stefnda á þjónustunni hafi verið í tengslum við atvinnustarfsemi lögmanns og að tilvísun stefnda til laga nr. 42/2000 um þjónustukaup sé honum því haldlaus, sbr. 1. gr. laganna. Sama gildir um málsástæður stefnda í tengslum við lög nr. 48/2003 um neytendakaup, sbr. 2. og 3. mgr. 1. gr. laganna.

Að mati dómsins eiga málsástæður stefnda um að stefnandi hafi fyrirgert rétti sínum til greiðslunnar vegna tómlætis heldur ekki við nein rök að styðjast. Í því sambandi vísar dómurinn til þess að frá því að stefnandi sendi breyttan reikning til stefnda 18. nóvember 2016 og í kjölfar þess að stefndi greiddi inn á reikninginn 14. desember 2016 ítrekaði stefnandi beiðni sína um greiðslu eftirstöðva með tölvupóstum 23. janúar og 7. mars og 7. júní 2017, svo og með innheimtubréfum, 18. ágúst, 28. ágúst, 25. september og 26. október 2017, áður en málið var þingfest 7. febrúar 2019. Í ljósi alls þessa hafnar dómurinn þar með aðalkröfu stefnda.

Varakrafa stefnda um lækkun er á því byggð að reikningur stefnanda sé allt of hár og ósanngjarn. Að því er þessa málsástæðu varðar þá verður að mati dómsins að horfa til þess að þrátt fyrir að Gunnar Steinn Pálsson hafi í tölvupósti sínum til fyrirvarsmanns lýst ákveðnum vonbrigðum með fjölda þeirra vinnustunda sem varið hafði verið í verkefnið, þá var því aldrei mótmælt af hálfu stefnda að umrædd vinna hefði átt sér stað eða að tímafjöldinn væri í reynd sá sem stefnandi gaf upp.

Í gögnum málsins er enn fremur ekkert sem gefur til kynna að stefndi hafi, í kjölfar þess að stefnandi lækkaði upphaflega kröfu sína og stefndi greiddi innborgun sína 14. desember 2016, haft uppi efnisleg mótmæli við eftirstöðvum kröfunnar fyrr en hann lagði fram greinargerð sína í þessu máli. Verður að telja að stefndi hafi þó haft ærið tilefni til þess í ljósi þess fjölda bréfa sem stefnandi sendi um innheimtu kröfunnar.

Með vísan til þess sem að framan er rakið verður að telja að stefndi hafi vegna tómlætis fyrirgert rétti sínum til að bera fyrir sig að krafa stefnanda sé ekki á rökum reist, sbr. meginreglu 1. mgr. 32. gr. laga nr. 50/2000 um lausafjárkaup sem hér verður beitt með lögjöfnun, sjá hér til hliðsjónar dóm Hæstaréttar frá 28. febrúar 2002 í máli nr. 320/2001. Af þeim sökum er varakröfu stefnda um lækkingu kröfu hafnað.

Stefnandi hefur sem fyrr segir krafist þess að stefndi greiði honum 155.000 krónur, ásamt dráttarvöxtum, samkvæmt 1. mgr. 6. gr. laga nr. 38/2001, frá 19. nóvember 2016, að frádreginni 100.000 króna innborgun 14. desember 2016.

Að mati dómsins verður ekki séð á hvaða forsendum unnt sé að fallast á kröfu stefnanda um greiðslu dráttarvaxta frá 19. nóvember 2016. Ágreiningslaust er í málinu að aðilar málsins sömdu aldrei um gjalddaga kröfu, en samkvæmt 3. mgr. 5. gr. laga nr. 38/2001 er heimilt að reikna dráttarvexti frá slíkum kröfum þegar liðinn er mánuður frá því að stefnandi setti fyrst fram kröfu um greiðslu. Með vísan til þess að stefnandi setti fyrst fram kröfu um greiðslu 19. nóvember 2016 verða dráttarvextir í fyrsta lagi reiknaðir af kröfu stefnanda frá 19. desember 2016. Eins og áður er fram komið greiddi stefndi 100.000 krónur inn á kröfuna 14. desember 2016.

Í samræmi við það sem að framan er rakið verður stefndi dæmdur til að greiða stefnanda eftirstöðvar kröfunnar, samtals 55.000 krónur með dráttarvöxtum frá 19. desember 2016. Í ljósi þessara úrslita málsins verður stefnda gert að greiða allan málskostnað stefnanda, sem telst hæfilega ákveðinn 300.000 krónur og er þá virðisaukaskattur meðtalinn í þeirri fjárhæð. Við ákvörðun málskostnaðar verður að horfa til þess að enginn skriflegur samningur var gerður milli aðila og að varnir stefnda gerðu það að verkum að nauðsynlegt var að fara yfir tölvusamskipti aðila sem eru nokkuð ítarleg.

Kjartan Bjarni Björgvinsson héraðsdómari kveður upp þennan dóm.

### **Dómsorð:**

Stefndi, Lögmenn við Arnarhól ehf., greiði stefnanda, Reykjavík Letterpress ehf., 55.000 krónur, ásamt dráttarvöxtum, samkvæmt 1. mgr. 6. gr. laga nr. 38/2001 um vexti og verðtryggingu, frá 19. desember 2016. Stefnandi greiði stefnanda 300.000 krónur í málskostnað.

Kjartan Bjarni Björgvinsson

Rétt endurrit staðfestir:

Héraðsdómur Reykjavíkur, 23. september 2019

Gjald [...] kr.